



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

29. tölublað, 4. árgangur, janúar 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Vissir þú....

Að þegar mánuðir byrja á sunnudegi verður föstudagurinn 13.

Kæra skólasamfélag

Gleðilegt nýtt ár og kærar þakkir fyrir það gamla. Árið 2014 var gott ár hjá okkur í skólanum og margt skemmtilegt sem við gerðum. Nú á nýju ári stefnum við á að gera enn betur enn halda áfram þeirri góðu vinnu sem við höfum verið að vinna. Núna í janúar verður strax byrjað á skemmtilegri vinnu enn í janúar ætlum við að fræðast um himinngeiminn og ýmislegt sem honum tengist.

Hlökkum til að sjá ykkur 5. janúar þegar skólinn hefst aftur eftir jólafrí.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Stafavísur janúar

Ú-Ú-Ú

ÚLFURINN ER SÚR

EKKI GETUR BÖRNIN ÉTIÐ

BAR'Á SÍNUM RASSI

SETIÐ

Ú-Ú-Ú-Ú-Ú

ÚLFURINN ER SÚR

Forföll nemenda

Þegar nemandi er veikur er mikilvægt að foreldrar láti skólann vita en best er að það sé gert með því að hringja á kaffistofu í síma 460-4970 eða á Kötlukot í síma 460-4973 og þá ættu skilaboðin að komast á þar til gerða upplýsingatöflu starfsmanna. Enginn ritari er starfandi við skólann og ekki gefið að kennarar séu búnir að ræsa tölvur sínar og skoða tölvupósta klukkan 08:00, því er best að hringja.



Danskennsla og árshátíð!

Árskógar skóli býr vel að öflugum foreldrum og foreldrafélagi sem m.a. býður nemendum upp á danskennslu hjá Ingu danskennara. Danskennslan byrjar mánudaginn 12. janúar og endar með sýningu á árshátíð skólans fimmtudaginn 19. mars en þemað í ár á árshátíð er þjóðsögur og ævintýri. Hver danshópur fær 10 skipti í danskennslu en hóparnir eru fjórir: Kötlukot er tvískipt og fær hvor hópur 30 mín í senn, 1.-4. bekkur er einn hópur og 5.-7. bekkur einn, hvor hópur fær 40 mínútur í senn. Danskennslan er hluti af list- og verkgreinum í aðalnámskrá og frábær viðbót við annað starf skólans. Stundaskrár nemenda munu breytast lítillega við dansviðbótina en er aðallega tilfærsla á tímum og kennurum. Dansa, það er gaman að..



V-V-V

VILLI VOLAR HÁTT

VESALINGUR ER SÁ

DRENGUR

VÆLIR ÞEGAR ILLA

GENGUR

V-V-V-V-V

VILLI VOLAR HÁTT

Hlý föt og aukaföt

Janúarmánuður er mættur og hávetur í Árskógi og því mikilvægt að börnin séu alltaf vel klædd og með föt til skiptanna, bæði börn á leik- og grunnskólastigi þar sem öll börn eru úti alla daga.



Sumarfrí Kötlukotsbarna

Á foreldrafundi í Kátakoti í vor nefndu einhverjir foreldrar að skipulagt sumarleyfi væri óhentugt þ.e. tímasetningin (13 júlí – 11 ágúst) og að það væri ekki gott að sumarleyfi væri alltaf á sama tíma ár frá ári. Þessi tímasetning hefur verið valin í takt við lokanir hjá stærstu vinnustöðum sveitarfélagsins og með Fiskidaginn mikla í huga. Okkur í Árskógarskóla langar að vita hvort einhverjir foreldrar hér hjá okkur séu á sama máli og vil ég byðja þá foreldra að senda mér línu á jona@dalvikurbyggd.is þ.e. hverjir það eru sem eru að lenda í vandræðum og hvernig þeir sjá fyrir sér skipulag á sumarfríi leikskólanna gæti verið í framtíðinni. Ljóst er að alltaf verður um amk 4ra vikna samfellda lokun að ræða þar sem aukinn kostnaður fylgir styttri lokun.

Leikskólagjöld/frístund

Núna í janúar hækkar gjaldskrá leikskóla Dalvikurbyggðar um 3,3%

Gjaldskrá verður birt við fyrsta tækifæri inn á heimasíðunni.

Morgunverður/síðdegishressing verða 2096

Hádegisverður 4069

4 klst í gjöldum verða 12556

Frístund fer í 326

Og síðdegishressing fyrir frístund verður 217.

Endilega skoðið vel gjöldin fyrir janúar og látið vita sem fyrst á jona@dalvikurbyggd.is ef eitthvað passar ekki

Opnunartími og skóladagatal







Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.



Myndir á heimasíðu undir myndasafn!

Viðburðadagatal janúar 2015

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

			1 Nýársdagur Lokað	2 Skipulagsdagur Nemendur í fríi	3	4
5 Skóli opnar Magnea Ósk 8 ára 	6	7	8 Árni Björn 13 ára Eyvör Elva 6 ára 	9	10	11
12 Danskennsla hefst Inga kennir	13 Bríet Una 8 ára 	14 Júnía Efemía 11 ára 	15	16	17	18 Sólbjört 2 ára 
19	20	21 Ingibjörg Lea 3 ára 	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	